

TILLAGA SAMNINGANEFNDAR EFLINGAR UM BOÐUN VINNUSTÖÐVUNAR

Samninganefnd Eflingar - stéttarfélags samþykkir að láta fara fram almenna leynilega raf-ræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar, svo sem lýst er í eftirfarandi:

Eftirfarandi vinnustöðvun nær til allrar vinnu hjá öryggisgæslufyrirtækjum sem unnin er skv. kjarasamningum Eflingar – stéttarfélags á almennum vinnumarkaði.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin nær til allra starfa hjá öryggisgæslufyrirtækjum undir samningssviði Eflingar sem unnin eru og/eða gerð út frá starfsstöðvum á félagssvæði Eflingar skv. 1. gr. laga félagsins. Er þar m.a. átt við samning félagsins við Samtök atvinnulífsins vegna öryggisvarða Securitas hf. (kt. 640388-2699) sem er hluti af aðalkjarasamningi aðila sem gildi frá 1. apríl 2019 og rann út þann 1. nóvember 2022 og hefur sama gildistíma og hann. Einnig er m.a. átt við kjarasamninga Eflingar – stéttarfélags vegna Öryggismiðstöðvar Íslands hf. (kt. 410995-3369), 115 Security ehf. (kt. 680109-1410) og Top Guard (kt. 701018-2060).

Um boðunina gilda eftir atvikum bókanir í gildandi samningum um sérstakar takmarkanir á framkvæmd vinnustöðvana.

Vinnustöðvunin er ótímabundin og hefst klukkan 12:00 á hádegi **þriðjudaginn 28. febrúar 2023** nema kjarasamningar hafi tekist eða vinnustöðvun verið frestað fyrir þann tíma.

Viðauki um atkvæðagreiðslu:

Atkvæðagreiðsla um boðun þessa skal auglýst fyrir hádegi **mánudaginn 13. febrúar 2023**.

Atkvæðagreiðslu skal **lokið kl. 18:00 mánudaginn 20. febrúar 2023**.

Á kjörskrá vegna atkvæðagreiðslu um ofangreinda boðun vinnustöðvunar skulu vera þeir félagsmenn sem boðunin tekur til, sbr. heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu skal fara samkvæmt „Reglugerð um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ“ samþykkt með áorðnum breytingum á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 20. desember 2017.

Viðauki um verkfallsstyrk:

Gert er ráð fyrir verkfallsstyrk að upphæð kr. 25.000 fyrir hvern þann dag sem félagsmaður missir laun vegna verkfalls, miðað við fulla vinnu.

Svo samþykkt á fundi samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn sunnudaginn 12. febrúar 2023 kl. 14:00 í Félagsheimili Eflingar, 4. hæð í Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.